



Alþingi

Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

b.t. umhverfis og samgöngunefndar

Reykjavík, 18. janúar 2022

Efni: Frumvarp til laga um fjarskipti o.fl. (áfallapol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta), 169. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. sl., þar sem óskað var eftir umsögn við ofangreint lagfrumvarp eigi síðar en 18. janúar 2022. Um er að ræða sama frumvarp og ætlunin var að afgreiða fyrir jól en Alþingi ákvað að fresta til yfirstandandi þings.

Um afstöðu Sýnar til frumvarpsins vísast í fyrsta lagi alfarið til fyrri umsagnar félagsins, dags. 17. desember sl., sem er meðfylgjandi.

Þar gerði Sýn m.a. verulegar athugasemdir við áform um sektarheimildir, sbr. 4. gr. frumvarpsins, upp á 4% af veltu ef fjarskiptafyrirtæki afhenda Fjarskiptastofu ekki fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar um eigendur, keðju eigenda og þá aðila sem raunverulega fara með atkvæðisrétt, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra, eftirlits- og stjórnkerfi innan fjarskiptafyrirtækis. Mun eðlilegra er í slíkum tilvikum að leggja á dagsektir til að knýja fram umræddar upplýsingar.

Einnig var m.a. bent á að frumvarpið áformar ýmsar íþyngjandi kvaðir á fjarskiptafyrirtæki í tengslum við atvik sem varða almannahagsmuni eða þjóðaröryggi. Engu að síður eru þessi tvö lykilhugtök hvergi skilgreind í lögum um fjarskipti eða Fjarskiptastofu. Fæst ekki séð að unnt verði að leggja svo mjög íþyngjandi skyldur á fjarskiptafyrirtækin á grundvelli matskenndra hugtaka sem hafa óljósa merkingu.

Auk þess að vísa til fyrri umsagnar telur Sýn á þessu stigi rétt að koma eftirfarandi á framfæri:

Tekið er undir ábendingar sem fram komu í umsögn Símans hf. þess efnis að núgildandi fjarskiptalög, ásamt fyrirbyggjandi frumvarpi til almennra breytinga á fjarskiptalögum, feli í sér fullnægjandi kröfur. Engin þörf sé fyrir fyrirbyggjandi frumvarp þar sem kröfum um rekstrarsamfellu og eftirlit Fjarskiptastofu er þegar mætt með gildandi reglum. Þá er tekið undir sjónarmið Símans um að fyrirbyggjandi áform um breytingar á lögum um erlendar fjárfestingar kunni að brjóta gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrár, sér í lagi heimild ráðherra til að láta kaup ganga til baka.

Þá tekur Sýn undir það sjónarmið Samtaka atvinnulífsins, að ef talið verði að nauðsynlegt sé að einstök efnisatriði frumvarps þessa, um áfallapol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta, rati í löggjöf verði þær breytingar á lögum teknar inn í heildarendurskoðun fjarskiptalaga. Endurflutningur frumvarps til nýrra fjarskiptalaga er einmitt áformaður í þessum mánuði, samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar. Þá er fyrirhugað að frumvarp til laga um rýni fjárfestinga erlendra aðila í þýðingarmiklum samfélagsinnviðum og tengdri starfsemi vegna þjóðaröryggis verði lagt fyrir Alþingi í mars nk. Eins og





fram kemur í umsögn SA ætti kafli um erlenda fjárfestingu í fyrirbyggjandi frumvarpi um áfallaþol fjarskiptaneta að falla heildstætt undir það mál.

Að síðustu bendir Sýn á mikilvægi þess að Alþingi forgangsraði og afgreiði fyrirbyggjandi frumvarp til nýrra heildarlaga um fjarskipti án ástæðulauss dráttar. Afgreiðslu þess frumvarps hefur ítrekað verið frestað að hálfu Alþingis. Sú óvissa sem hefur um langt árabil ríkt um mögulegar takmarkanir gagnvart einstökum birgjum Sýnar hefur nú þegar tafið uppbyggingu Sýnar á 5G netum og þjónustu, neytendum og þjóðfélaginu til tjóns.

Virðingarfyllst,

f.h. Sýnar hf.

Páll Ásgrímsson, lögmaður

Meðfylgjandi: Fyrri umsögn Sýnar, dags. 17. desember 2021



Alþingi

Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

b.t. umhverfis og samgöngunefndar

Reykjavík, 17. desember 2021

Efni: Frumvarp til laga um fjarskipti o.fl. (áfallabol fjarskiptabiónustu og fjarskiptaneta), 169. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. desember sl., þar sem óskað var eftir umsögn við ofangreint lagfrumvarp eigi síðar en í dag, 17. desember 2021. Jafnframt er vísað til fjárfundar með umhverfis- og samgöngunefnd, sem fram fór í gær. Vegna skamms frests til að skila umsögn verður að gera þann fyrirvara að ekki hefur gefist ráðrúm til að fara yfir alla anga frumvarpsins.

Sýn hf. („Sýn“ eða „félagið“) setur raunar spurningamerki við hraðann við keyra svo umfangsmikið frumvarp gegnum þinglega meðferð. Skv. fréttum er búið að semja við erlenda fjárfestingasjóðinn Ardian, og eftir atvikum Símann, um skilyrði í tengslum við söluna á virkum og óvirkum innviðum Mílu. Í því ljósi fæst ekki séð að þörf sé á svo hraðri málsmeðferð, sem óhjákvæmilega er til þess fallin að bitna á gæðum frumvarpsins sem ætlunin er að lögfesta.

Í ljósi umræðu sem skapaðist á fundi nefndarinnar í gær skal áréttað að sala Sýnar (og Nova) á óvirkum farnetsinnviðum er nú frágengin og tímafrestir til að grípa til íhlutunar löngu liðnir. Þann 1. apríl 2021 tilkynnti félagið til kauphallar um undirritun bindandi samninga við erlenda fjárfesta um sölu á óvirkum farsímainnviðum þess. Við það tímamark byrjaði frestur 12. gr. gildandi laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 að líða. Nefnd fjögurra ráðuneyta sem skoðaði fjárfestinguna á grundvelli 12. gr. laganna taldi ekki ástæðu til að grípa til íhlutunar. Þá hefur dómsmálaráðherra gefið út leyfisbréf vegna fjárfestingarinnar og Samkeppniseftirlitið samþykkt samrunann. Endanlegt uppgjör (e. closing) vegna viðskiptanna fór fram þann 14. desember sl. og er þeim að fullu lokið. Með vísan til þessa er ljóst að 6. gr. frumvarpsins, verði það að lögum, mun ekki ná til umræddrar fjárfestingar. Slíkt myndi enda vera andstætt stjórnarskrá og hefðbundnum sjónarmiðum um lagaskil og bann við afturvirkni laga.

Sýn gerir verulegar athugasemdir við áform um sektarheimildir, sbr. 4. gr. frumvarpsins, upp á 4% af veltu ef fjarskiptafyrirtæki afhenda Fjarskiptastofu ekki fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar um eigendur, keðju eigenda og þá aðila sem raunverulega fara með atkvæðisrétt, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra, eftirlits- og stjórnkerfi innan fjarskiptafyrirtækis. Mun eðlilegra er í slíkum tilvikum að leggja á dagsektir til að knýja fram umræddar upplýsingar.





Dagsektir eru einmitt nýttar til að knýja einstaklinga og lögaðila til athafna, en stjórnvaldssektir nýttar sem refsikennd viðurlög fyrir athöfn sem þegar er orðin. Í raun er villandi í skýringum frumvarpsins að vísa til sektarviðmiða í fyrirhuguðu endurflutti frumvarpi til breytinga á fjarskiptalögum, enda snýr það ákvæði að brotum á efnisákvæðum laganna en ekki að skorti á afhendingu upplýsingar. Þar að auki er innbyrðis ósamræmi í fyrirliggjandi frumvarpi (169. mál) en í III. kafla frumvarpsins, 5. gr., er réttilega gert ráð fyrir dagsektarákvæði vegna brota á skilyrðum á grundvelli laga um erlenda fjárfestingu. Í frumvarpstextanum skortir hins vegar að afmarka fjárhæð dagsektanna. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins stenst því ekki meginreglur laga um skýrleika refsikenndra viðurlaga.

Sýn gerir ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins sem eiga að tryggja lögsögu íslenskra stjórnvalda ef fjarskiptafyrirtæki útvisstar ákveðnum þáttum starfseminnar út fyrir íslenska lögsögu. Sama gildir um heimild ráðherra til að kveða á um að búnaður í fjarskiptanetum, sem telst mikilvægur með tilliti til þjóðaröryggis, skuli staðsettur í íslenski lögsögu.

Hins vegar eru gerðar athugasemdir við að kostnaður vegna úttekta og prófana um upplýsingaöryggi, sem Fjarskiptastofa eða þriðju aðilar framkvæma, sbr. 1. gr. frumvarpsins, skuli allur lenda á fjarskiptafyrirtækinu. Þarna þarf í það minnsta að vera gætt meðalhófs í eftirlitsaðgerðum þannig að Fjarskiptastofa geti ekki mælt fyrir um óhóflegar prófanir utanaðkomandi aðila á kostnað fjarskiptafyrirtækjanna. Þá þarf að tryggja að þegar fjarskiptafyrirtæki eru þegar vottuð samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum geti Fjarskiptastofa ekki mælt fyrir um viðbótarvottum og prófanir á sama sviði, sem væri tvíverknaður. Sýn hefur til að mynda um langt árabil verið vottað í upplýsingaöryggi skv. ISO 27001 staðlinum og var fyrst fjarskiptafyrirtækja til að fá slíka vottun.

Að síðustu skal bent á að frumvarpið áformar ýmsar íþyngjandi kvaðir á fjarskiptafyrirtæki í tengslum við atvik sem varða almannahagsmuni eða þjóðaröryggi. Engu að síður eru þessi tvö lykilhugtök hvergi skilgreind í lögum um fjarskipti eða Fjarskiptastofu. Fæst ekki séð að unnt verði að leggja svo mjög íþyngjandi skyldur á fjarskiptafyrirtækin á grundvelli matskenndra hugtaka sem hafa óljósa merkingu.

Í ljósi knapps tímafrests er ekki unnt að veita ítarlegri umsögn þar sem Sýn hefur ekki gefist ráðrúm til að taka endanlega afstöðu til annarra efnisatriða en þeirra sem getið er um hér að ofan. Þess í stað er þess farið á leit að málinu verði frestað og það fái hefðbundna og vandaðri þinglega meðferð.

Virðingarfyllt,

f.h. Sýnar hf.  
  
Páll Ásgrímsson, lögmaður



visir



SPORT

BYLGJAN  
989

